

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal 390 — 334. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Efnahags og viðskiptanefnd, nefndasvið Alþingis

UMSÖGN B.Í.L.S.

Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra veitir hér umsögn um 334. mál, þingskjali 390, frumvarp til laga um viðspyrnustyrki á 151. löggjafarþingi 2020-2021.

Bandalagið þakkar fyrir að vera boðið að veita umsögn um lagafrumvarp viðspyrnustyrkja og minnir á umsögnina sem það veitti um tekjufallsstyrki 23. október 2020. Sú umsögn er látin fylgja hér með, þar sem afkoma leigubifreiðastjóra hefur alls ekkert skánað og ekki er fyrirséð hvenær opnað verður fyrir umsóknir um tekjufallsstyrki.

Okkur langar til þess að minna á mikilvægi þess að halda uppi þjónustu leigubifreiða við samfélagið, allan sólarhringinn, alla daga ársins. Þjónustan felst í því að vera til staðar þegar beiðni berst um ferð. Þegar ferðum fækkar eins og raun ber vitni (80-90%) verður biðin eftir hverri ferð óþarflega löng og kostnaðarhlutföllin því hærri.

Þess er óskandi að leyfishafar leigubifreiða fái viðspyrnustyrkja notið, þar sem hver leyfishafi fyrir sig stendur undir óhjákvæmilegum rekstrarkostnaði. Einnig má benda á þær horfur að atvinnuleysi muni halda áfram að aukast á hinum almenna vinnumarkaði. Af því tilefni er reynsla okkar sú, að ferðum sem falla til leigubifreiða, fækkar ávallt í hlutfalli við minnkandi umsvif atvinnulífsins. Við búumst fastlega við því að sú litla vinna sem leigubifreiðsatjórar hafa nú til dags, muni minnka enn fremur frá og með janúar 2021 í takt við atvinnustig komandi árs.

Reykjavík 3. desember 2020

Virðingarfyllst

f.h. stjórnar B.Í.L.S.

Daníel O. Einarsson, formaður



151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal 213 — 212. mál.

Stjórnarfrumvarp.

UMSÖGN B.Í.L.S.

Bandalag íslenskra leigubifreiðstjóra veitir hér umsögn um 212. Stjórnarfrumvarp frjármála og efnahagsráðherra á 151. löggjafarþingi 2020-2021

Leigubifreiðaakstur á Íslandi er leyfisskyld atvinnustarfsemi og um hana gildir vinnuskylda, það er að leigubifreiðaakstur er aðalatvinna leyfishafa.

Til þess að gæta fyllsta jafnréttis í úrræðum stjórnvalda, viljum við óska þess að tekið sé tillit til leigubifreiðastjóra og að þeir falli undir skilyrðin að njóta tekjufallsstyrks. Leigubifreiðastjórar hafa orðið fyrir tekjufalli í beinum afleiðingum af þeim lokunum og sóttvörnum sem stjórnvöld hafa skipulagt í baráttunni við Covid faraldurinn. Leyfishafar leigubifreiða eru einyrkjar og margir þeirra með skuldbindingu gagnvart niðurfellingu vörugjalda á bifreiðum sínum. Um niðurfellinguna gildir rekstrarskylda í tvö ár og tiltekin tekjuviðmið.

Leyfishafar leigubifreiða hafa þraukað við aðstæður samdráttar og takmarkana og haldið uppi þjónustunni við samfélagið, starfað í framlínunni, útsettir fyrir smiti og þjónað mikilvægu starfi, svo sem að koma sýnum til greiningastöðva og aka með sjúklinga og flugfarþega í sóttkví, auk almenns aksturs. Þeim hefur verið gert að breyta bifreiðum sínum með skilrúmum og öðrum tilfallandi kostnaði vegna sóttvarna. Rekstrarkostnaður leigubifreiða ræðst bæði af föstum kostnaði og breytilegum. Fastur kostnaður eru tryggingar, afborganir af bílalánunum, stöðvagjöld og önnur rekstrargjöld. Breytilegur kostnaður er síðan eldsneyti, endurnýjun slithluta og almennt viðhald. Leyfishöfum hefur verið boðið upp á frystingu bifreiðalána af hálfu lánaþyrirtækja, en hins vegar hefur þeim gengið misjafnlega að semja við tryggingafélögin. Samdrátturinn hefur haldist að öllu jöfnu milli 80 og 90 prósent frá 15. mars á þessu ári, þá er bæði átt við tekjur af akstri og fjölda ferða sem til falla. Margir leyfishafar hafa lagt inn leyfi sín tímabundið, þeir sem hafa haft þann möguleika á eða þeir sem hafa ekki átt annarra kosta vöð en að draga úr kostnaði.

Þess má geta að þann 22. október 2020 eru 100 leyfi leigubifreiða á Höfuðborgarsvæðinu í tímabundinni innlögn, auk nokkurra sem hefur verið hætt rekstri. Þrátt fyrir að fjöldi leigubifreiða í umferð hafi minnkað nær 20%, er vinnan til þeirra sem áfram starfa ennþá langt undir þeim tekjumörkum til að geta staðið bæði undir rekstrarkostnaði og launum. Þá geta leyfishafar þar af leiðandi ekki staðið við tekjuviðmið tollayfirvalda gagnvart niðurfellingu bifreiða sinna. Einhver fjöldi leyfishafa hefur notið atvinnuleysisbóta, en það segir sig sjálft að þær bætur renna óhjákvæmilega til rekstrarkostnaðarins af starfinu.

Virðingarfyllst

f.h. BÍLS

Daníel Orri Einarsson formaður

